

## Fundargerð skólaráðs Kerhólsskóla

### Fundargerð.

Fundur Skólaráðs Kerhólsskóla var haldinn í fundarherbergi Kerhólsskóla, miðvikudaginn 7. September 2022 kl. 8.30 f.h.

#### Fundinn sátu:

Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara grunnskóladeildar, *boðar forföll.*  
Matthías Fossberg Matthíasson, fulltrúi nemenda,  
Ísold Assa Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda, *í forföllum fyrir Hrafnhildi.*  
Íris Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra,  
Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri,  
Linda Sverrisdóttir, fulltrúi Grenndarsamfélagsins,  
Sigríður Björnsdóttir, fulltrúi starfsfólks,  
Sigríður Þorbjörnsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar,

Íris Anna Steinarrsdóttir, aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð

#### 1. Hlutverk og skipan skólaráðs

- Hlutverk og skipan var sent með fundarboði
- Farið yfir hlutverk og skipan

#### 2. Innramatsskýrsla

- Innra mats skýrslan var send með fundarboðinu
- Umræður um innramatsskýrsluna, engar athugasemdir.

#### 3. Starfsáætlun Kerhólsskóla

- Starfsáætlun vara send með fundarboðinu
- Umræður um starfsáætlunina: Þar sem ekki var fundur skólaráðs í haust v COVID þá lagði Jóna Björg fram starfsáætlunina fyrir skólaárið. Starfsáætlunin er einnig í formi heimasíðu skólans en þar eru upplýsingar uppfærðar eftir því sem þurfa þyki. Umræður um starfsáætlunina.
  - Engar athugasemdir við starfsáætlun.

#### 4. Fjöldi barna í leikskóladeild og nemenda í grunnskóladeild

- Börnin í leikskóladeildinni verða líklega 15 í vetur og 50 í grunnskóladeildinni.

Fundi slitið kl. 08:57